

Um virkjun Svelgsár
handa Stykkishólmi.

Framh.

BZM 2 B. 2.

MÁLASAFN

442.21

N e ð r i v i r k j u n i n.

A. Inngangur.

Í hinni fyrri greinargerð okkar um athugun á virkjunarmöguleikum Svelgsár, þar sem við settum fram lauslega áætlun um kostnað að virkjun við Nátthagafossinn, gátum við þess, að einnig gæti komið til mála að virkja ána neðar, skammt fyrir ofan bæinn Svelgsá. Hér fer á eftir greinargerð um athugun okkar á möguleikum til virkjunar á þessum stað og lauslegar kostnaðar- og rekstursáætlanir.

Staðhættir eru þannig, að á rúmlega 1 kílómetars löngum kafla ofan við bæinn Svelgsá rennur áin í gildrögum og gljúfrum og fellur á þeim kafla rúmlega 30 m. Virtist okkur þar koma til greina tvennskenar virkjunum nefnilega annaðhvort að virkja ca. 30 m. fall með 840 m. pípulengd eða virkja 25 m. fall með 600 m. pípulengd, og skal nú hver virkjunin fyrir sig athuguð nánar.

B. Tilhögun I.

1. Úrkomusvæði árinnar ofan stíflustaðisins, sem er efst í gilinu um 600 m. norðan við enda Svelgsárhrauns, mælist á herforingjaráðskorti um 22,5 ferkm., eða helmingum starra en regnsvæði árinnar ofan Nátthaga-foss. Reiknað var með því að virkja mætti sem svaraði 20 lítr./sek. af hverjum ferkm. þess regnsvæðis. En það svæði, sem nú bætist við liggur yfirleitt á láglendi og þykir því eigi varlegt að reikna með meiru en 10 l./sek. af km², sem venjulegu minnsta rennsli af þeim helmingnum. Verður þá minnsta vatnsrennsli af öllu svæðinu að meðaltali 15 l./sek. af km², þ.e. alls 22,5 x 15 = 338 lítr./sek.

2. Fallhæðin er 32 metrar af stíflubrún að yfirborði árinnar í gil-

inu um 400 m. suðaustur af Svelgsárbænum. Stífluhæðin er 3,5 m. þar sem áin er dýpst. Vegalengdin frá stíflustaði vestan árinnar beina leið að stöðvarstaðinu er ca. 840 m. Leiðin er nokkuð ójöfn og þarf töluvert að grafa og byggja undir pípuna.

3. Aflið. Lónið, sem myndast ofan við stífluna er að vísu mjög lítið, en gefur þó einhverja ~~svo~~ lítila miðlunarmöguleika, og þó að varla megi gera ráð fyrir að það veiti fulla dægurmiðlun verður vélastærðin hér miðuð við 25 % meira vatn en það minnsta rennsli, sem reiknað er út hér að framan, eða við $338 \times 1,25 = 425$ lítr./sek. og reiknast sem næst 130 hö.

4. Kostnaðarástlun. Hér verður aðeins ~~þekk~~ gerð lausleg kostnaðarástlun, en þó leitast við að veita sem réttastan samanburð á þessari virkjun og hinni efri virkjun (við Nátthagafoss).

K o s t n a ð a r á s t l u n .

I. Stífla úr steinsteypu, lengd = 32 m., mesta hæð 3,5 m.

yfirlfall ca. 15 m. að lengd, með tæmiopi.

Inntaksbró úr járbentri steinsteypu, hæð 2 m., breidd 2 m., lengd = 4 m., með loku og ristum

kr. 8000,00

II. Prýstivatnspípa úr tré, lengd 840 m., vídd 600 mm.

fyrir 30 m. fall, uppsett að meðtöldum greftri og
undirstöðum

" 40000,00

III. Vélar og Háspennuvirkni í stöð.

1. Vatnsvél, "Francis-túrbína", 130 hö. 1000 sn/mín.,

með sjálfvirkum hraðastilli, loka, málum og öllu tilheyrandi, uppsett,

2. Rafall, 110 kVA. 3-fasa, 6000 Volt, ástengdur við vatnsvél, uppsettur,

3. Háspennuvirkni : fyrir rafalinn, eina útfarandi 6000 Volta loftlinu, og spenni fyrir rafstöðina, uppsett "

27500,00

IV. Rafstöðvarhúsið, rúml. 50 m² gólfþlötur, undirstöður

undir vélar, vatnsgöng undir gólf, fullgert, úr steinsteypu

" 7000,00

V.	<u>Háspennuloftlinan</u> , 6000 Volt, 3-tauga, 3 x 16 mm ² eirvír á gegndreyptum tréstólpum, 60 m. á milli stólpa, lengd 10500 m.	kr. 24000,00
VI.	<u>Spennistöð</u> . Spennir 125 kVA. 3-fasa, 6000/220 Volt. Háspennubúnaður fyrir eina aðkomandi háspennu <u>kínn</u> - loftlinu; inntak, xxxxxx , teinrofar, oliurofi, Ampere- og Voltmalar, mælispennar. Lágspennubúnaður fyrir 3 útfarandi lágspennulínur, 3 x 220 Volt, marmaraspjald, rofar, vör, ampere- og volt-malar, taugar. Uppsetning, Steinsteypuhús.	" 8000.00
VII.	<u>Lágspennuveitukerfið</u> : Giskað á lengd þess ca. 3500 m. Fjöldi heimtauga og húsinnaka ca. 100 (vírgild- leiki minni en við "efri virkjun") kr. 12000.00 Til frádráttar það, sem að gagni mætti koma af því kerfi, sem nú er; ágiskun	" 3500.00 " 8500.00
VIII.	Verkstjórn, vaxtatap, undirbúningur og ófyrirséð ca. 20% "	24000.00
	Samtals krónur	147000.00

Aths. við kostnaðarástlunina : í ástluninni er gengið út frá verka-
kaupi kr. 1,10 um klst.

Við pessa virkjun er ekki þörf brúar á Svelgsá, og væntanlega ekki
neinna nýrra vegagerða eða vegabóta, er neinu nemur.

Þá hefur eigi þótt ástæða til að telja með kostnað af síma, þar sem
rafstöðin stendur í túnjaðri Svelgsár og því væntanlega eigi um annan
kostnað að ræða en hið venjulega uppsetningargjald.

3. Rekstrarástlun.

Eftirfarandi rekstrarástlun er byggð á sömu forsendum um gætslu
orkuversins, sem rekstrarástlun efri virkjunarinnar og tekjuástlunin á
sama hátt og það miðuð við það, hversu mikil afl kemur á hvern íbúa og
reiknuð út frá meðaltals-reynslutölum frá Noregi í sama hlutfalli (þ.e.

rúml. 8% hærri tekjur en í Noregi).

I. Árleg gjöld.

1. Vextir og afborganir 10 % af 147000,00	kr. 14700,00
2. Viðhald 2,5 %	" 3675,00
3. Gætsla orkuvers og veitu, innheimta	" 6500,00
4. Óviss útgjöld	" 1225,00
	<u>Alls kr. 26100,00</u>

II. Árlegar tekjur.

Íbúar Stykkishólms taldir 600. Afl orkuversins þá 145 wött/mann. Af því má vænta kr. 40,00 í tekjur á mann á ári, (ca. 266,00 kr./kW.) eða 600 x 40,00 kr. 24000,00

Eftir þessari útkomu að dæma er þessi virkjun töluvert óhagstæðari en "efri virkjunin". Tekjurnar eru við þessa virkjun ca. 6000,00 kr. lægri en við hina, en árlegu útgjöldin aðeins 2000,00 kr. lægri.

C. Tilhögun II.

1. Við þessa tilhögun verða ekki aðrar breytingar frá tilh. I en þær, að inntaksstíflan farist neðar (kemur skammt fyrir ofan brúna við Tröllkonufoss), pípan styttist um 240 metra, fallið minnkar um rúma 5 m., og aflið minnkar að sama skapi eða niður í 100 hö. Rafstöðvarstæðið er hið sama sem við tilh. I.

2. Kostnaðar ástlun.

I. <u>Stífla</u> , lengd 8 m., mesta hæð 3 m., með <u>inntaksbró</u> ,	
hvorutveggja úr járbentri steinsteypu, með lokum,	
ristum og öllu tilheyrandi	kr. 4000,00
II. <u>Brýstivatnspípa</u> úr tré, vídd 600 mm?, lengd 600 m.	" 28500,00
III. <u>Stöðvarhús</u> , vélar, háspennulína, spennistöð, lágsennukerfi; kostnaður áætlaður hinn sami sem við tilh. I	" 75000,00
IV. Verkstjórn, vaxtatap, undirbúnингur, ófyrirséð ca. 20%	" 21500,00
	<u>Samtals kr. 129000,00</u>

3. Rekstraráætlun.

I. Árleg gjöld.

1. Vextir og afborganir, 10% af 129000,-	kr. 12900,00
2. Viðhald 2,5%	" 3225,00
3. Gætsla orkuvers og veitu, innheimta	" 6500,00
4. Óviss útgjöld	" 1175,00
	<u>Alls kr. 23800,00</u>

II. Árlegar tekjur.

Miðað við 600 íbúa í Stykkishólmi er afl þessarar virkjunar 112 wött/mann og eftir sömu forsendum sem fyrr má vanta í tekjur af því kr. 36,50 á manni á ári (ca.

325 kr./kW.) eða alls 600 x 36,50	kr. 21900,00
-----------------------------------	--------------

Pessi tilhögun virðist vera svipuð tilh. I, að því er snertir fjárhagslega afkomu fyrirtakisins, en latur hinsvegar í té 30 hö. minna afl. Hún virðist því síst koma til greina.

D. Yfirlit.

Heildartölum allra þriggja virkjunaráætlana skal hér stillt í töflu til betra yfirlits.

	Afl hö.	Stofn- kostn. kr.	Árleg gjöld kr.	Árlegar tekjur kr.	Útgj./kW. á ári kr.
Efri virkjun	250	160000	28000	30000	170,00
Neðri virkjun, tilh. I	130	147000	26100	24000	300,00
" " , " II	100	129000	23800	21900	355,00

E. Eftirmáli.

Það sem sagt er í eftirmálanum að áætlun okkar um efri virkjunina í nót. s.l. gildir engu síður um þessar áætlanir, en skal ekki endurtekið hér.

Reykjavík, janúarlok 1934.

Jakob Jónasson Ægir S. Jónasson